

Minnisblað 9. mars 2026

Tilaga um sveigjanlega félagsaðild að Sjálfsbjörg Einstaklingsaðild samhliða aðild félaga

1. Inngangur

Í þessu minnisblaði, sem unnið er að beiðni Þuríðar Hörpu Sigurðardóttur formanns Sjálfsbjargar, er gerð tilaga um breytingu á skipulagi Sjálfsbjargar úr **hreinu félagsambandi aðildarfélaga** yfir í **blandað og sveigjanlegra skipulag**.

Lagt er til að félagsaðild verði tvíþætt:

- Aðild í gegnum **svæðisbundin aðildarfélög** eins lögin kveða nú á um, og
- Bein einstaklingsaðild að Sjálfsbjörg í gegnum **deild beinna félagsmanna** óháð aðildarfélögunum

Markmiðið er að bæta við nýrri leið til þátttöku í starfi Sjálfsbjargar án þess að draga úr hlutverki aðildarfélaga. Fleirum verði gert kleift að taka þátt í starfi landssambandsins, m.a. einstaklingum á svæðum þar sem erfitt er að halda úti sjálfstæðu félagi.

Minnisblaðið er hugsað sem grunnur að umræðu um mögulegar breytingar á skipulagi aðildar að Sjálfsbjörg.

2. Deild beinna félagsmanna

Lagt er til að einstaklingsaðild verði skipulögð innan Sjálfsbjargar í sérstakri einingu, **deild einstaklinga – beinna félagsmanna**, án þess að um sjálfstætt félag eða lögaðila sé að ræða.

Deildin hefði hvorki eigin stjórn né fjárhag. Skrifstofa Sjálfsbjargar myndi annast umsýslu deildarinnar, þ.á m. skráningu félagsmanna og boðun funda. Deildinni yrði gefið sérstakt nafn í lögum Sjálfsbjargar.

Halda yrði að lágmarki einn árlegan fund beinna félagsmanna, sem gæti verið rafrænn. Á fundinum myndu félagsmenn:

- kjósa **landsfundarfulltrúa** úr sínum hópi
- kjósa **talsmann deildarinnar til setu á formannafundum** Sjálfsbjargar.

Einstaklingsfélagar myndu jafnframt hafa **kjörgengi í trúnaðarstörf** Sjálfsbjargar með sama hætti og félagsfólk aðildarfélaganna.

3. Forsendur breytinga

Á síðustu árum hefur sumum aðildarfélög, einkum á litlum og fámennum starfssvæðum, reynst erfiðara að halda úti starfsemi félags í hefðbundnu félagsformi. Rekstur félags með stjórn, bókhald, ársreikningum og öðrum skyldum getur reynst þyngjandi þar sem félagsmenn eru fáir og sjálfboðaliðastarf takmarkað.

Fram hefur komið vilji hjá félagsmönnum og einstaklingum á þessum svæðum til að halda tengslum við Sjálfsbjörg og taka þátt í starfi landssambandsins án þess að þurfa að standa að rekstri sjálfstæðs félags.

Því þykir rétt að skoða möguleika á beinni einstaklingsaðild að Sjálfsbjörg. Slík aðild gæti einnig staðið aðstandendum, foreldrum og öðrum stuðningsaðilum hreyfihamlaðs fólks til boða.

4. Markmið breytingarinnar eru að:

- Auðvelda fleira fólki um allt land að taka þátt í starfi Sjálfsbjargar.
- Draga úr stjórnsýslubyrði á litlum starfssvæðum.
- Efla tengsl Sjálfsbjargar við fleiri einstaklinga sem vilja styðja starf landsambandsins þ.á m. á fleiri landssvæðum en nú er.
- Styrkja málefnavinnu og réttindabaráttu hreyfihamlaðs fólks.

Til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að skipulag aðildar innan Sjálfsbjargar þróist með þeim hætti að sum aðildarfélög sameinist eða stækki á meðan einstaklingar á öðrum svæðum kjósa beina aðild að landssambandinu.

5. Lagabreytingar

Innleiðing einstaklingsaðildar myndi kalla á yfirferð laga Sjálfsbjargar og breytingar á ákvæðum sem varða aðild, réttindi félagsfólks og skipulag samtakanna.

Meðal annars þyrfti að:

- Breyta 1. gr. þannig að Sjálfsbjörg sé félagasamband bæði félaga og einstaklinga,
- Bæta við ákvæðum um einstaklingsaðild og skilyrði hennar.
- Aðlaga ákvæði um réttindi og skyldur aðildarfélaga og félagsfólks þeirra að aðild einstaklinga, m.a. 18. gr. um fjölda landsfundarfulltrúa deildarinnar sem myndi reiknast með sama hætti og fjöldi fulltrúa aðildarfélaga.

Taka þyrfti einig afstöðu til fyrirkomulags félagsgjalda fyrir einstaklinga með það í huga að skapa ekki fjárhagslegan hvati til að velja beina aðild fremur en aðild í gegnum aðildarfélag.

Áslaug Björgvinsdóttir